

SAMSKIPTA OG VERKLAGSREGLUR STJÓRNAR BÍS

Staðfestar á stjórnarfundum BÍS 9. apríl 2019



Stjórn BÍS gegnir afar mikilvægu hlutverki við að efla starf skátahreyfingarinnar á Íslandi til gagns fyrir skáta en ekki síður samfélagið í heild. Til þess að störf stjórnar skili mestum árangri er lögð áhersla á eftirfarandi vinnureglur:

1. Við leggjum áherslu á fjölbreytni í skoðunum. Við veitum hvert öðru öryggi til þess að leggja fram ólík sjónarmið og stundum virka hlustun til þess að tryggja réttan skilning.
2. Við erum trú sameiginlegum markmiðum okkar fyrir hönd BÍS og miðum úrlausnir út frá þeim, burtséð frá hagsmunum hvers og eins.
3. Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu bæði í orði og verki.
4. Við leggjum áherslu á stundvísi og skilvirka fundi. Ætlast er til að stjórnarmeðlimir séu búnir að kynna sér málefni fundarins fyrir fund.
5. Við takmörkum notkun á farsímum og samfélagsmiðlum meðan á fundum stendur.
6. Við vinnum mál til niðurstöðu og stöndum við þá niðurstöðu jafnvel þótt við kunnum að hafa haft önnur sjónarmið.
7. Út á við komum við fram sem ein heild og tölum sama máli þrátt fyrir að okkur kunni að greina á inn á við.

